



# HRUNAMANNAREPPUR

## 35. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 2. FUNDUR ÁRSINS

#### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. FEBRÚAR 2013

#### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 7. febrúar 2013 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 6 mál, umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga (fjölda sveitarstjórnarfulltrúa), umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga (rafrænar íbúakosningar), umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um þingsályktun um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um þingsályktun um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi, umsögn vegna frumvarpa til laga um dýravelferð og búfjárhald og fulltrúa í stjórn sameiginlegs þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

#### **Erindi til hreppsnefndar:**

1. Reglur um úthlutun leiguhúsnaðis fyrir eldri borgara í Hrunamannahreppi.
2. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.
3. Reglugerð um kjör Íþróttamanns Hrunamannahrepps.
4. Innkaupareglur Hrunamannahrepps.
5. KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra- innra eftirlit og fjárhagskerfi-
6. KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra- stjórnsýsluskoðun-
7. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið: Styrkur til verkefnisins aðgengi að Gullfossi austanmegin.
8. Brunavarnir Árnassýslu: Kauptilboð vegna Árvegar 1, Selfossi.
9. JP lögmenn: Eignarnám vegna Bakkatúnsvegar.
10. Velferðanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020-.
11. Velferðanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd til 2014.
12. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög).
13. Viðlagatrygging Íslands: Beiðni um upplýsingar vegna viðlagatryggingar á mannvirkjum.
14. Stofnun hlutafélags til að vinna að hagkvæmri orkuöflun fyrir atvinnustarfssemi í Hrunamannahreppi og Bláskógabyggð.
15. Landgræðslufélag Hrunamannahrepps: Ósk um styrk.
16. Stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins óskar eftir upplýsingum um fjárframlög sveitarfélagsins til ungmenna- og íþróttafélaga innan sveitarfélagsins.
17. Bæjarfjall Hrunam
18. annahrepps.
19. Innköllun lóða á Flúðum.
20. Landgræðslufélag Hrunamanna. Skipan varamanns.
21. Landgræðsla ríkisins: Seyra til landgræðslu. Tilraun á Hrunamannaafrétti 2012.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

22. Veitustjórn: Fundargerð 24. fundar veitustjórnar frá 28. janúar s.l.
23. Umhverfisnefnd: Fundargerð 10. fundar frá 23. janúar s.l.
24. Fræðslunefnd: Fundargerð 18. fundar vegna Undralands frá 30. janúar s.l.
25. Fræðslunefnd: Fundargerð 21. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. janúar s.l.

26. Fræðslunefnd: Fundargerð 8. fundar vegna æskulýðsmála frá 30. janúar s.l.  
27. Fundargerð 3. fundar vegna stefnumótunar fyrir félagsmiðstöðina Zero, frá 21. janúar s.l.  
28. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 17. fundar frá 30. janúar s.l.  
**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**  
29. Velferðanefnd Árnassýslu: Fundargerð 13. fundar frá 12. desember 2012.  
30. Aukaaðalfundur skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs. frá 16. janúar 2013.  
31. 55. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 24. janúar, 92. afgreiðslufundur byggingafulltrúa frá 18. janúar s.l.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Héraðsnefnd Árnassýslu: Fundargerð 58. fundar frá 17. desember 2012.  
b. Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnassýslu: Fundargerð 1. fundar frá 22. janúar s.l.  
c. Almannaáhrif Árnassýslu: Fundargerð 14. fundar frá 17. janúar s.l.  
d. SASS: Fundargerð 463. fundar stjórnar frá 18. janúar s.l.  
e. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 145. fundar stjórnar frá 18. janúar s.l.  
f. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 147. fundar stjórnar frá 18. janúar s.l.  
g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 223. fundar stjórnar frá 8. janúar s.l.

**Kynningarmál:**

- h. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Umsógn um samþykkt um meðhöndlun úrgangs.  
i. Umsókn til Menningaráðs Suðurlands um styrk vegna Hrunarétta.  
j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Stefnumótun um upplýsingasamfélagið 2013-2017.  
k. Markaðsstofa Suðurlands: Framvinduskýrsla október 2012 – janúar 2013.  
l. SASS: Skýrsla um félagsþjónustu sveitarfélaga 2012.  
m. Velferðarráðuneytið: Viðmiðunarfrádráttur vegna eignamarkna við útreikning húsaleigubóta.  
n. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Tilkynning um að Námsmatsstofnun hefur umsjón með framkvæmd ytra mats á og leik- og grunnskólum.  
o. Breyting á skipulagslögum nr. 123/2010 – Lagabreyting nr. 135/2012  
p. Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað.  
q. Minjastofnun Íslands: Ný lög um menningarminjar.  
r. Ungmennafélag Íslands. Samþykkt.  
s. Samband orkusveitarfélaga: Fundargerð 9. fundar stjórnar frá 11. janúar s.l. og ársreikningur 2012.  
t. Íbúðalánasjóður: Svar við fyrirspurn.  
u. Lánasjóður sveitarfélaga: Breytilegir útlánavextir.  
v. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 803. fundar frá 25. janúar s.l.  
w. Árborg: Úttekt á sérfræðiþjónustu skóla í Árborg og athugasemdir við hana.  
x. Skipulagsstofnun: Ný skipulagsreglugerð nr. 92/2013.  
y. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Næsta úthlutun.  
z. Beiðni um styrk úr Fjallvegassjóði.  
aa. Ljósnet Símans.  
bb. Tónlistarskóli Árnassýslu: Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2013.

**Fundir framundan:**

- cc. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 15. mars 2013.  
dd. Aðalfundur Landsamtaka landeigenda á Íslandi 14. febrúar 2013

**Skýrslur á skrifstofu:**

- ee. Skýrsla um sérfræðiþjónusta skóla í Árborg.

**Gengið til dagskrár:**

**Erindi til hreppsnefndar:**

- Reglur um úthlutun leiguhúsnaðis fyrir eldri borgara í Hrunamannahreppi.**  
Oddviti kynnti nýjar reglur um úthlutun leiguhúsnaðis til eldri borgara í Hrunamannahreppi. Reglurnar voru unnar í samráði við stjórn félags eldri Hrunamanna. Hreppsnefnd samþykkir reglurnar.
- Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.**  
Oddviti kynnti drög að nýrri samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Samþykktin hefur farið til umsagnar Heilbrigðisnefndar

- Suðurlands og Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir reglurnar eins og þær eru lagaðar fram.
3. **Reglugerð um kjör Íþróttamanns Hrunamannahrepps.**  
Oddviti kynnti breytingar á reglugerð um kjör íþróttamanns Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir reglugerðina með áorðnum breytingum sem fram komu á fundinum.
  4. **Innkaupareglur Hrunamannahrepps.**  
Oddviti kynntir nýjar reglur um innkaup hjá Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir innkaupareglurnar.
  5. **KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra- innra eftirlit og fjárhagskerfi-**  
Oddviti kynnti skýrslu frá KPMG um helstu niðurstöður varðandi innra eftirlit og fjárhagskerfi sveitarfélagsins og stofnana þess.
  6. **KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra- stjórnarsýsluskoðun-**  
Oddviti kynnti skýrslu frá KPMG um helstu niðurstöður stjórnarsýsluskoðunar fyrir árið 2012.
  7. **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið: Styrkur til verkefnisins aðgengi að Gullfossi austanmegin.**  
Oddviti kynnti bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra þar sem staðfest var að veita Hrunamannahreppi styrk að upphæð 700.000,- kr. vegna verkefnisins aðgengi að Gullfossi austanmegin. Hreppsnefnd þakkar fyrir stuðninginn við verkefnið. Sveitarstjóra er falið að skipuleggja framhald verkefnisins með landeigendum, ferðarmálafulltrúa og formanni ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps.
  8. **Brunavarnir Árnæssýslu: Kauptilboð vegna Árvegar 1, Selfossi.**  
Oddviti kynnti bréf frá Brunavörnum Árnæssýslu þar sem óskað er eftir samþykki hreppsnefndar Hrunamannahrepps vegna kaupa BÁ á húsnæði við Árveg 1. Fulltrúaráð Brunavarna Árnæssýslu hefur samþykkt umrædd kaup fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga. Um er að ræða eignarhluta Árborgar í Björgunarmiðstöðinni og er heildarverð eignarhlutarins kr. 288.000.000. Hreppsnefnd samþykkir kaupsamninginn fyrir sitt leyti.
  9. **JP lögmenn: Eignarnám vegna Bakkatúnsvegar.**  
Oddviti kynnti afrit af bréfi frá JP lögmönnum til Matsnefndar eignarnámsbóta vegna Bakkatúns málsins. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og oddvita að vinna að lausn málsins.
  10. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020-.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar varðandi velferðarstefnu í heilbrigðisáætlun til ársins 2020. Hreppsnefnd vísar málinu til Velferðarnefndar Árneshrepps.
  11. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd til 2014.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd til 2014. Hreppsnefnd vísar málinu til Velferðarnefndar Árneshrepps.
  12. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög). Lagt var fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið. Hreppsnefnd tekur undir allar athugasemdir sem fram koma í minnisblaði Sambandsins. Hreppsnefnd vill vekja sérstaklega athygli á eftirfarandi ákvæðum:  
57. gr. vegna stærðar votlendis sem nýtur sérstakrar verndar.  
Ákvæði 15. gr. um náttúruverndarnefndir.  
Umferðarákvæði um eignarland o.fl. í IV. kafla.  
Akstur utan vegar í 31. gr. þar sem undanþága í þágu landbúnaðar og landgræðslu eigi ekki heima í reglugerð heldur í lögum sjálfum.  
Bann við auglýsingaskiltum utan þéttbýlis í 72. gr.  
Hámarkssektarfjárhæð skv. 87. gr. laganna er allt of há.  
Á þessum forsendum telur hreppsnefnd Hrunamannahrepps frumvarpið alls ekki tækt til afgreiðslu.

13. **Viðlagatrygging Íslands: Beiðni um upplýsingar vegna viðlagatryggingar á mannvirkjum.**  
Oddviti kynnti beiðni frá Viðlagatryggingu Íslands um upplýsingar vegna viðlagatryggingar á mannvirkjum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og veitustjóra að svara erindinu.
14. **Stofnun hlutafélags til að vinna að hagkvæmri orkuöflun fyrir atvinnustarfsemi í Hrunamannahreppi og Bláskógabyggð.**  
Oddviti kynnti hugmyndir varðandi stofnun hlutafélags til að vinna að hagkvæmari orkuöflun fyrir atvinnustarfsemi í Hrunamannahreppi og Bláskógabyggð. Lögð voru fram tvö minnisblöð vegna fundar um leiðir til raforkuöflunar fyrir garðyrkjustöðvar í Hrunamannahreppi og Bláskógabyggð. Tillaga lögð fram þess efnis að stofnað verði einkahlutafélag af sveitarfélögunum Bláskógabyggð og Hrunamannahreppi í samstarfi við garðyrkjubændur með það markmið að afla hagkvæmra lausna í raforkuöflun fyrir garðyrkjustöðvar á svæðinu. Þá voru einnig lögð fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið. Hlutarfjáreign Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps yrði 52% og skiptist jafnt milli sveitarfélaganna. Stofnhlutafé verði kr. 2 milljónir, eða kr. 520 þúsund á hvert sveitarfélag. Hreppsnefnd samþykkir að standa að stofnun þessa einkahlutafélags að 26% hlut. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að tilnefna Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóra í væntanlega stjórn félagsins. Kynntar voru nokkrar hugmyndir að nafni fyrir félagið og felur sveitarstjórn tilnefndum stjórnarmanni að taka ákvörðun um nafn félagsins í samráði við aðra hluthafa félagsins. Jafnframt er tilnefndum stjórnarmanni veitt fullt umboð, að undirrita öll þau skjöl er varða stofnun einkahlutafélagsins, fyrir hönd Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir einnig að mæta útgjöldum vegna stofnunar félagsins með lækkun á rekstarhagnaði sveitarfélagsins skv. fjárhagsáætlun.
15. **Landgræðslufélag Hrunamannahrepps: Ósk um styrk.**  
Oddviti kynnti beiðni frá Landgræðslufélagi Hrunamannahrepps um styrk til fræ- og áburðakaupa. Hreppsnefnd samþykkir að veita félaginu kr. 100.000 í styrk auks þess að sveitarfélagið tekur að sér að greiða matarkostnað við árlega landgræðsluferð. Esther víkur sæti við meðferð málsins.
16. **Stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins óskar eftir upplýsingum um fjárframlög sveitarfélagsins til ungmenna- og íþróttafélaga innan sveitarfélagsins.**  
Oddviti kynnti bréf frá stjórn HSK. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að svara erindinu.
17. **Bæjarfjall Hrunamannahrepps.**  
Oddviti kynnti fyrirspurn hvort til væri bæjarfjall í Hrunamannahreppi en tilgangurinn var sá að búa til lista eða bók yfir öll bæjarfjöll landsins ásamt upplýsingum um gönguleiðir á þau. Erindið hefur verið sent til umsagnar Ferða- og menningarnefndar sem leggur til að Miðfell verði tilnefnt sem bæjarfjall. Hreppsnefnd samþykkir að Miðfell verði tilnefnt sem bæjarfjall Hrunamannahrepps.
18. **Innköllun lóða á Flúðum.**  
Oddviti fór yfir stöðu þeirra lóða á Flúðum sem búið var að úthluta en ekki hafa verið hafnar byggingaframkvæmdir á þeim. Hreppsnefnd samþykkir því að innkalla parhúsaloðirnar að Smiðjustíg 11a og 11b og Austurhofi 1a og 1b og auglýsa þær ásamt öðrum lausum lóðum á Flúðum að nýju til úthlutunar.
19. **Landgræðslufélag Hrunamanna. Skipan varamanns.**  
Oddviti lagði fram beiðni frá Halldóru Hjörleifsdóttur þar sem hún óskaði eftir því að hætta sem varamaður í stjórn Landgræðslufélag Hrunamanna. Hreppsnefnd skipar Pál Jóhannsson í Núpstúni sem varamann í stjórn Landgræðslufélags Hrunamanna.
20. **Landgræðsla ríkisins: Seyra til landgræðslu. Tilraun á Hrunamannaafrétti 2012.**  
Oddviti kynnti skýrslu frá Landgræðslu ríkisins vegna tilraunar á Hrunamannaafrétti 2012 við notkun á seyru til landgræðslu. Hreppsnefnd lýsir ánægju yfir því hversu vel virðist hafa tekist til með verkefnið.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

21. **Veitustjórn: Fundargerð 24. fundar veitustjórnar frá 28. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 24. fundar veitustjórnar. Þar var fjallað um umsókn um aukið heitt vatn í gróðurhús í Götu, farið yfir ástand kaldvatnstanks í Auðsholti, farið yfir endurnýjuð tilboð í dælur í dælustöðina á Flúðum. Lögð voru fram drög að vinnureglum um styrkveitingar Hitaveitu Flúða til samfélagsverkefna auk annarra mála. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
22. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 10. fundar frá 23. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar umhverfisnefndar. Þar var farið yfir nýja samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahrepp og fjallað um bann við móttöku á plöntum með plastböndum á gámasvæði. Hreppsnefnd þakkar nefndinni fyrir yfirferð og athugasemdir við nýja samþykkt um meðhöndlun úrgangs en telur heppilegra að breyta ekki orðalagi m.a. vegna samræmis við önnur sveitarfélög í nágrenninu og vegna jákvæðrar umsagnar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Hreppsnefnd felur síðan oddvita og sveitarstjóra að boða til fundar með garðyrkjubændum vegna úrræða við förgun garðyrkjuplanta með áföstum plastböndum.
23. **Fræðslunefnd: Fundargerð 18. fundar vegna Undralands frá 30. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar fræðslunefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra, drög að nýrri skólastefnu og gerð nýrrar námsskrár. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
24. **Fræðslunefnd: Fundargerð 21. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, beiðni starfsmanns um ársleyfi, drög að nýrri skólastefnu og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
25. **Fræðslunefnd: Fundargerð 8. fundar vegna æskulýðsmála frá 30. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar fræðslunefndar vegna æskulýðsmála. Farið var yfir starfsskýrslu Zero, farið yfir drög að æskulýðs- og forvarnarstefnu og önnur mál rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og óskar Zero til hamingju með afar góðan árangur í Stíl 2012 og í söngvakeppni USSS 2013.
26. **Fundargerð 3. fundar vegna stefnumótunar fyrir félagsmiðstöðina Zero, frá 21. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar vegna stefnumótunar fyrir félagsmiðstöðina Zero. Farið var yfir drög að stefnu í æskulýðs- og forvarnarmálum og lokabreytingar gerðar. Nefndin hefur lokið störfum og sendir skjalið til „stóru“ nefndarinnar til frekari umfjöllunar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
27. **Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 17. fundar frá 30. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um fyrirspurn vegna tilnefningar á bæjarfjalli Hrunamannahrepps og samþykkti nefndin að tilnefna Miðfell. Rætt var um ár Fjalla-Eyvindar 2014 en þá eru 300 ár síðan hann fæddist og kynnt var bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um styrk upp á kr. 700.000. Þá var fjallað um aðstöðu til gufubaksturs í hvernum við sundlaugina. Rætt var um bændamarkaðinn á Flúðum en mægðurnar í Auðsholti hafa ákveðið vera ekki með hann næsta sumar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

28. **Velferðanefnd Árnespings: Fundargerð 13. fundar frá 12. desember 2012.**  
Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar Velferðanefndar Árnespings. Þar var fjallað um trúnaðarmál og lögð fram starfsáætlun fyrir 2013. Þá voru lagðar fram til kynningar verklagsreglur vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna og félagsmálastjóri kynnti verkefnið Vinna og virkni, átak til atvinnu 2013. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
29. **Aukaaðalfundur skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. frá 16. janúar 2013.**  
Oddviti kynnti fundargerð aukaaðalfundar Skipulags- og byggingafulltrúaembættisins. Þar var fjallað um innkomu Ásahrepp í byggðasamlagið og gengið frá samkomulagi um það. Þá voru gerðar breytingar

- á samþykktum fyrir Skipulags- og Byggingafulltrúa Uppsveita bs. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og staðfestir nýjar samþykktir fyrir byggðasamlagið.
30. **55. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 24. janúar, 92. afgreiðslufundur byggingafulltrúa frá 18. janúar s.l.**
- Oddviti kynnti fundargerð 55. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 24. janúar s.l. ásamt 92. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:
- Mál nr. 3: Afgreiðslur byggingarfulltrúa 2013
- Lagðar fram til kynningar fundargerð 92. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 18. janúar 2013 en þar voru 2 mál sem snertu Hrunamannahrepp.
- Mál nr. 4: Miðfell V – sameining lands-.
- Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að spildan Miðfell I lóð 2 lnr. 200316 og Miðfell I 166804 verði sameinaðar lögbýlinu Miðfell V lnr. 166809 með fyrirvara um lagfærð gögn til samræmis við ábendingar Þjóðskrár og skipulagsfulltrúa. Vegna hnitsetningar landsins þarf að liggja fyrir samþykki aðliggjandi landeigenda.
- Mál nr. 5: Ný lóð úr landi Foss.
- Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir skv. 48. gr. skipulagslaga að 7,3 ha spilda verði stofnuð úr landi Foss með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda. Halldóra víkur sæti við afgreiðslu málsins.
- Mál nr. 12: Breyting á deiliskipulagi Grundar – Hótel Flúðir-.
- Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytingu á deiliskipulagi Grundar á Flúðum og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til Skipulagsstofnunar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Mál nr. 13: Deiliskipulag í Ásgarði, Kerlingarfjöllum – hálendismiðstöð-.
- Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu málsins þar til ný umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands liggur fyrir.
- Mál nr. 14: Gata – Deiliskipulag-.
- Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að tillaga að deiliskipulagi fyrir hluta jarðarinnar Götu verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að betur sé gerð grein fyrir þegar byggðum mannvirkjum.
- Að öðru leyti er fundargerðin samþykkt samhljóða.

### **Önnur mál:**

31. **Umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga (fjölda sveitarstjórnarfulltrúa).**
- Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd um frumvarp til sveitarstjórnarlaga vegna fjölda sveitarstjórnarfulltrúa og eflingu á íbúalýðræði. Hreppsnefnd lýsir andstöðu við frumvarpið og hafnar alfarið að nauðsyn standi til þess að fjölga fulltrúum í sveitarstjórnnum umfram það sem fram kemur í núgildandi sveitarstjórnarlögum.
32. **Umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga (rafrænar íbúakosningar).**
- Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnda um frumvarp til sveitarstjórnarlaga vegna rafrænna íbúakosninga. Hreppsnefnd styður þessar breytingar.
33. **Umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um þingsályktun um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.**
- Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnda um þingsályktun um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll. Hreppsnefnd styður eindregið að unnið verði að frekari uppbyggingu á flugvellinum á Hornafirði.
34. **Umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um þingsályktun um breytta framtíðarskipun refaveiða á Íslandi.**
- Oddviti kynnti umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um þingsályktun um breytta framtíðarskipun refaveiða á Íslandi. Hreppsnefnd styður ofangreinda þingsályktunartillögu enda nauðsynlegt að líta á refaveiðar sem aðferð til að halda lífríki landsins í heild sinni í jafnvægi.
35. **Umsögn um frumvarp til laga um dýravelferð og búfjárhald.**
- Oddviti kynnti frumvarp um lög um dýravelferð og tengsl þess við lög um búfjárhald. Þá voru lagðar fram umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um

frumvarpið og kostnaðargreining sveitarfélaganna. Hreppsnefnd tekur undir umsögn Sambandsins. Hreppsnefnd lýsir hins vegar undrun sinni yfir því að frumvörp til laga um dýravelferð og búfjárhald hafi ekki verið send beint til sveitarfélaga til umsagnar enda varðar löggjöfin verulega hagsmuni sveitarfélaganna. Hreppsnefnd krefst þess að frumvarpið verði sent til umsagnar allra sveitarfélaga á Íslandi, m.a. þurfa sveitarfélögin að geta sent frumvörpin í viðeigandi nefndir innan sveitarfélaganna.

**36. Tilnefning á fulltrúa í stjórn sameiginlegs þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða.**

Oddviti fór yfir að nauðsynlegt væri að skipa fulltrúa í stjórn sameiginlegs þjónustusvæðis Suðurlands um þjónustu við fatlaða en sveitarfélögin á svæði Velferðarþjónstu Árnesþings eiga þar einn fulltrúa. Tillaga samþykkt um að Aldís Hafsteinsdóttir verði fulltrúi Velferðarnefndar Árnesþings í ofangreindri stjórn.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 58. fundar frá 17. desember 2012.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga: Fundargerð 1. fundar frá 22. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Almannavarnir Árnessýslu: Fundargerð 14. fundar frá 17. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **SASS: Fundargerð 463. fundar stjórnar frá 18. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 145. fundar stjórnar frá 18. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 147. fundar stjórnar frá 18. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 223. fundar stjórnar frá 8. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- h. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Umsögn um samþykkt um meðhöndlun úrgangs.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Umsókn til Menningaráðs Suðurlands um styrk vegna Hrunaréttar.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Stefnumótun um upplýsingasamfélagið 2013-2017.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Markaðsstofa Suðurlands: Framvinduskýrsla október 2012 – janúar 2013.** Lagt fram til kynningar.
- l. **SASS: Skýrsla um félagsþjónustu sveitarfélaga 2012.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Velferðarráðuneytið: Viðmiðunarfrádrætti vegna eignamarkna við útreikning húsaleigubóta.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Tilkyning um að Námsmatsstofnun hefur umsjón með framkvæmd ytra mats á og leik- og grunnskólum.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Breyting á skipulagslögum nr. 123/2010 – Lagabreyting nr. 135/2012** Lagt fram til kynningar.
- p. **Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Minjastofnun Íslands: Ný lög um menningarminjar.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Ungmennafélag Íslands. Samþykkt.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Samband orkusveitarfélaga: Fundargerð 9. fundar stjórnar frá 11. janúar s.l. og ársreikningur 2012.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Íbúðalánasjóður: Svar við fyrirspurn.** Lagt fram til kynningar.
- u. **Lánasjóður sveitarfélaga: Breytilegir útlánavextir.** Lagt fram til kynningar.
- v. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 803. fundar frá 25. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- w. **Árborg: Úttekt á sérfræðiþjónustu skóla í Árborg og athugasemdir við hana.** Lagt fram til kynningar.

- x. **Skipulagsstofnun: Ný skipulagsreglugerð nr. 92/2013.** Lagt fram til kynningar.
- y. **Framkvæmdasjóður ferðamannaáæða: Næsta úthlutun.** Lagt fram til kynningar.
- z. **Beiðni um styrk úr Fjallvegassjóði.** Lagt fram til kynningar.
- aa. **Ljósnet Símans.** Lagt fram til kynningar.
- bb. **Tónlistarskóli Árnésinga: Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2013.** Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- cc. **Landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga þann 15. mars 2013.**
- dd. **Aðalfundur Landsamtaka landeigenda á Íslandi 14. febrúar 2013**

**Skýrslur á skrifstofu:**

- ee. **Skýrsla um sérfræðiþjónusta skóla í Árborg.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:15.